Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Leikfélag Reykjavíkur 1/2 Gerðabók stjórnar. 1951-1954

Án aðfnr.


Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

www.borgarskjalasafn.is

Heimilt er að vitna í skjölin og skal þá geta uppruna þeirra.

Ljósmyndun þessara skjala var styrkt af Þjóðskjalasafni Íslands.

**© Borgarskjalasafn Reykjavíkur**

BORGARSKJALASAFN

Leikfélag Reykjavíkur

1/2

2 Gerðabók stjórnar

1951-1954

AÐFT.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Stjórnarfundir Leikfélags Reykjavíkur

á árinu 1952.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Stjórnarfundur haldinn í Iðnó 25 Nov '51

Auk stjórnar voru mættir Þorsteinn Ö Stephensen Lárus Sigurbjörnsson og Gunnar Hansen.
Formaður leggur til að stjórnin endurskoði allan rekstrarskostnað og mannahald félagsins.
Gjaldkeri upplýsir að fram að þessu hafi 16 sýningar verið haldnar á leikárinu og inn hafi komið brúttó kr. 69.000⁰⁰
Gunnar Hansen, væntanlegur leikstjóri "The Song of the Lute" upplýsir að leikritið útheimti 52 nýja búninga auk höfuðfata.
Þá minnst og þurfa 3ja manna hljómsveit.
Jóni Leós var í þessu sambandi falið að tala við hljómsveitarstjórann Moravech
Ákveðið er að frumsýna "The Song of the Lute" 30 Dec.
Að lokum kom stjórnin sér saman um að bjóða Tómasi Guðmundssyni kr 3500⁰⁰ fyrir þýðinguna, hverja hann hefði lofað að annast. Þess verður og óskað að hún fáist fyrir þá upphæð til eignar.
Margt annað var rætt á fundi þessum.

Haukur Óskarsson ritari

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Stjórnarfundur hjá L. R. laugard. 1. des. 1951. Kl. [illegible]

Mættir voru: Einar Pálsson – Þorsteinn Ö. Stephensen – Lárus Sigurbjörnsson og ennfremur Gunnar Hansen, leikstjóri og Sigurður Magnússon framkvæmdastjóri félagsins. Ritari Haukur Óskarsson hafði boðað veikindaforfall.

Dagskrá.

1. Lögð var fyrir fundinn beiðni Þjóðleikhússtjóra um kaup á búningum úr "Gullna Hliðinu"; Þjóðleikhússtjóri hafði boðað formann L.R. til sín í gær til að bera mál þetta fram.
Eftir talsverðar umræður um beiðni Þjóðleikhússtjóra var samþykkt að bjóða honum til kaups þá búninga, er L.R þarf ekki að nota í jólaleikritið, enda semjist Þjóðleikhússtjóra og stjórn L.R. um verð á búningunum.

2.
Samþykkt var að ráða Elínu Júlíusdóttur til aðstoðar Gunnari Hansen við að skreyta búninga, er nota á í jóla-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

leikritinu „Pi-Pa-ki“ og skal hún fá fyrir það vinnu kr. 1000.00 og vinna að öllu leyti undir stjórn og eftir fyrirmælum Gunnars Hansen.

3.

Formaður kvaðst hafa átt tal við Brynjólf Jóhannesson og hefði hann sagst mundu vinna fyrst og fremst fyrir L.R. og myndi hann eingöngu vinna fyrir þjóðleikhúsið svo framarlega að það bryti ekki í bága við störf sín fyrir L.R. — Jafnframt kvaðst formaður hafa rætt við Brynjólf og Harald Á. Sigurðsson um hlutverkaskipan í leikrit það eftir Harald, er sýna á eftir áramótin. Kváðu þeir hafa hugsað sér eftirtalda leikara í aðalhlutverkin.
Alfreð Andrésson, Hauk Óskarsson, Brynjólf Jóhannesson og Kristjönu Breiðfjörð, ef hún er fáanleg vegna leiks síns í Hafnarfirði.
Loks kvaðst formaður hafa átt tal við Brynjólf um væntanleg laun

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

hans fyrir leikstjórn og leik í umræddu
leikriti, og hefði Brynjólfur m.a. tekið
fram, að hann óskaði eftir að fá sömu
laun og L.R. greiddi almennt fyrir
leikstjórn.

4. Þá hafði formaður tal ~~við~~ af Tómasi
Guðmundssyni skáld, og hefði hann
tjáð sig fúsan að þýða leikritið
"Time and the Conways", ef til kæmi.

5.
Rætt var um ýms önnur mál á við
og dreif, en endanlegar ákvarðanir
ekki teknar.

Fleira gerðist ekki, Fundi slitið kl. 18.40.

[illegible] rit.

Stjórnarfundur hjá L.R. 8. Des 51. í Iðnó.
Stjórn Leikfélags Hafnarfjarðar
hafði óskað að fá að sitja fundinn.
Stjórn L.R. hafði fyrir skömmu
samþykkt að sýna gamanleikinn
"Jóní vaknar til lífsins" eftir Harald

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Á. Sigurðsson. Nú vill svo til að einn af leikurunum þeim er ráðnir er til að leika í framangreindu leikriti, fer einnig með hlutverk suður í Hafnarfirði á vegum Leikfélags Hafnarfjarðar. Nú, til að komist yrði hjá árekstri komu stjórnir framangreindra leikfélaga saman á fund.
Á fundinum var gerð svohljóðandi samþykkt.
Leikfélag Hafnarfjarðar gefur Leikfélagi Reykjavíkur leyfi til að ráða Kristjönu Breiðfjörð í hlutverk í gamanleiknum "Tony vaknar til lífsins" eftir Harald Á Sigurðsson.
Stjórn L. R. mun taka fullt tillit til leiksýninga Leikfélags Hafnarfjarðar á sjónleiknum "Aumingja Hanna", er Kristjana leikur í, þannig að ekki þurfi að koma til árekstra.
Fleira lá ekki fyrir fundi,

Haukur Óskarsson,
ritari

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Stjórnarfundur L.R. 16 Dec '51. í Iðnó.

I Samþykkt var, að boðsgestir á jólaleikrit L.R. skyldu fá miða sína það tímanlega að sem fljótast yrði úr því skorið hvort þeir óskuðu að sjá jólafrumsýningu Leikfélags Reykjavíkur eða Þjóðleikhússins.
Frumsýningagestir skulu hafa sótt miða sína ekki seinna en föstudaginn 21 Dec.

II Þareð Gísli Pálsson ljósameistari félagsins mun ekki einn geta annað ljósabreytingum og þar tilheyrandi störfum í jólaleikritinu - Pi-Pa-Ki - ákveður stjórnin að ráða Óskar Hallgrímsson honum til aðstoðar.

III Tveir hljóðfæraleikarar hafa verið ráðnir til að annast undirleik í leikritinu. Skal hvor þeirra fá Kr. 100,00 á sýningu

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Formaður fór á fund borgarstjóra um daginn. Óskaði hann fyrir hönd stjórnar L.R. að því yrði veittar kr. 15.000.00 við bótarstyrkinn.
Gaf borgarstjóri góð svör og vonir að það fengist.

IV

Þá samþykkti stjórnin að taka upp strangara eftirlit, með gjafamiðum, en hingað til.
Fleira lá ekki fyrir, fundi slitið.

Haukur Óskarsson,
ritari.

Stjórnarfundur í L.R. 6 jan '52. "Iðnó":

Auk stjórnar, var leikritavalsnefnd og framkvæmdastjóri mættir.
Í tilefni 80 ára afmælis Gunnþórunnar Halldórsdóttur, ákveður stjórn L.R. að heiðra afmælisbarnið. Gunnþórun leikur um þessar mundir í Gullna hliðinu.
Formaður L.R mun á sýningu í Þjóð-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

leikhúsinu 9 janúar ávarpa afmælisbarnið
og færa því gjöf.
Guðlaugur Guðmundsson mun taka við
hlutverki Gunnars Hansen í kínverska
leikritinu "Pi-pa-ki".
Stjórnin samþykkir að bjóða Guðnýju
Pétursdóttir hlutverkið "Dorothy" í
samnefndu leikriti. Umboðsmaður,
"To Dorothy a Son" Herbert De Leon
heimtar 5 pund ensk fyrir hverja sýningu
verði honum sömuleiðis tryggðar 30.
sýningar. það eru 150 pund.
Formanni er falið að reyna að semja
við annan umboðsmann.
Að lokum var Þorsteini Ö. Stephensen
falið að tala við Indriða Waage,
hvort möguleikar væru á að ~~fa~~ L.R.
fengi leyfi til að sýna sjónleikinn
"Maður og Kona" ef til kæmi.
Fleira lá ekki fyrir fundi.

Haukur Óskarsson,
– ritari –

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Stjórnarfundur í L.R. 14 jan 52. Iðnó.

I. Samþykkt er að "To Dorothy a Son" fari aftur á svið einhvern næstu daga. Guðný Pétursdóttir hafði gert samning við L.R. um að takast á hendur hlutverkið "Dorothy", en þegar til kom treystist hún ekki til að leika hlutverkið.
Góðkunnur meðlimur L.R., Valur Gíslason á 25. ára leikafmæli þann 15 jan. Í tilefni þess samþykkir stjórnin að gefa honum veglega gjöf. Var ritara falið að annast það.
Margt fleira var rætt á þessum fundi en engar mikilsverðar ákvarðanir teknar. Fundi slitið.

Haukur Óskarsson. -rit.-

Stjórnarfundur í L.R. 21 jan '52. Iðnó.

I. Fyrir fundi lá beiðni frá Sigurði Magnússyni um að hann yrði leystur frá störfum sem fram-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

kvamdastjóri Leikfélags Reykjavíkur.
Samþykkt er að veita Sigurði
lausn frá störfum. Jafnframt
felur stjórnin formanni að tala
við Indriða Halldórsson, hvort
hann muni fáanlegur til að
taka að sér sama starf og hann
hafði hjá félaginu síðastliðið ár.
II Samþykkt er að hætta við að
endursýna "To Dorothy a Son" þareð
Minna Breiðfjörð er ekki fáanleg
til bæjarins.
Á "Dorothy" voru haldnar 11 sýningar
Inntektir brutto urðu kr. 37,687[50]
Stjórn félagsins mun þykja það
ráðlegt að halda en nokkrar
sýningar á "Rut".

Stjórnarfundur í Iðno 6 Feb. '52.

Mættir voru ritari og gjaldkeri en
auk þeirra Gunnar Hansen - Þorsteinn
Ö. Stephensen og Lárus Sigurbjörnsson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

I
Fyrir fundi lá að velja næsta leikrit til flutnings á eftir Tony vaknar til lífsins. Leikstjórn á því mun Gunnar Hansen annast.
Mikill áhugi hefur ríkt á leikritinu "Deep are the Roots". Haukur Óskarsson lýsti sig þó andvígan því. Þótti honum það ekki vænlegt til sekjuöflunar. ~~og á hinn bóginn ekki það merkilegt að nytjandi væri í það stórfé.~~
Á annað leikrit hefur sömuleiðis minnst. Heitir það "Bonaventure" eftir Charlotte Hastings.
Mun stjórnin einnig taka það til nánari athugunar. Jón hefir upplýsti fundarmenn, með stuttu yfirliti, að fjárhagur félagsins væri um þessar mundir mjög bágborinn.
Jón bar fram á fundinum þá ósk frá Steindóri Hjörleifssyni að hann fengi leyfi stjórnar L. R. til að taka að sér hlutverk í barnaleikriti, er þjóðleikhúsið hyggst

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

að sýna. Stjórn L.R. sér sér því miður ekki fært að verða við þessari beiðni. Steindór hefur nýverið tekið við einu aðalhlutverkinu í Tóniq. af Hauk Óskarssyni, er veiktist hastarlega. Steindór leikur sömuleiðis í "Sölumaður deyr", um þessar mundir. Fleira lá ekki fyrir fundi.

Haukur Óskarsson.
ritari.

Stjórnarfundur 10 Feb '52. Iðnó.

Stjórnin mætt auk leikritavalsnefndar.

I Frumsýning á Tóniq vaknar til lífsins er ákveðin miðvikudag 13 Febr.
Mikið var rætt um leikritið "Deep are the Roots" og það að lokum samþykkt sem næsta viðfangsefni félagsins, að því tilskildu að Tómas Guðmundsson skáld sé fáanlegur til að þýða það og mögulegt sé að skipa í hlutverk.
II Þá tilkynnti Brynjólfur Jóhannesson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

stjórninni að hann fari að öllum líkindum ekki til Ísafjarðar. Væri hann því reiðubúinn að taka að sér hlutverk dómarans í "Deep are the Roots".
Skift var um fatageymslukonu. Var Arndís Ólafsdóttir ráðin í stað Þórdísar Eyjólfsdóttur.
Fleira lá ekki fyrir fundi.

Haukur Óskarsson, ritari

Stjórnarfundur L.R. í Iðnó 9 Dec '51.

Úr stjórn voru mættir, form. ritari.
Auk þeirra framkv. stjóri – Þorsteinn Ö. Stephensen og Hárus Sigurbjörnsson.
I Formaður sagðist hafa gert skriflegan samning við Kristjönu Breidfjörð. Fær hún krónur 75.00 fyrir hverja kvöldsýningu í "Tóniý vaknar til lífsins"
II Hárus Sigurbjörnsson upplýsir að Gunnar Eyjólfsson hafi beðið Ásgeir Hjartarson að þýða leikritið "Time and the Conways". Stjórnin telur sig að sjálf-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

sögðu alls óbundna að þessari ráðstöfun.
Margt fleira var rætt á fundi þessum.
Haukur Óskarsson. ritt.

Stjórnarfundur L.R. 17 Feb '51 í Iðnó

Auk stjórnar voru mættir Þorsteinn Ö Stephensen og Hörður Sigurbjörnsson
I. mál á dagskrá, var fyrirhuguð breyting á leiksviði og á horfendasal í Iðnó
Voru fundarmenn á einu máli um það að núverandi ástand sé með öllu óþolandi og ósamboðið þeim er hlut eiga að máli.
Eftir nokkrar umræður um þetta mál bauðst Þorsteinn Ö Stephensen að tala við Jón Axel Pétursson
Þá átti Þorsteinn tal við Emilíu Jónasar og Lárus Pálsson, en hann er ráðinn til að sviðsetja Tyrkja Guddu í Þjóðleikhúsinu, um möguleika á því að hún (Emilía) taki að sér hlut verk hjá L.R. í Leikritinu "Deep ...

the Roots". Lárus Pálsson taldi það
með öllu vonlaust þar eð hann væri
þegar ráðinn til að leika í Tyrkja Guddu.
Verði hinsvegar Emilía Jónsdóttir ekki
fáanleg mun Emilía Borg verða beðin
að taka sér hlutverkinu.

II Stjórn L.R. samþykkti fyrir hönd
félagsins að gerast áskrifandi hjá
Menningarsjóð að 10 eintökum á hverju
því leikriti er sjóðurinn gefur út
Fleira lá ekki fyrir fund. Fundi slitið.

Haukur Óskarsson, rit.

Stjórnarfundur í Iðnó 25 Feb. '52.

Úr stjórn voru mættir form. og rit.
en auk þeirra þeir Lárus Sigurbjörnsson
og Gunnar Hansen.
Stjórninni hafði borist beiðni frá Haraldi
Á. Sigurðssyni þar sem hann fer
þess á leit að hún láni honum til
Ísafjarðar, teikningar (voids) úr Tóni
vaknar til lífsins. Var þetta rætt,
borið~~upp~~ upp og samþykkt.
Fleira lá ekki fyrir fundi.

Haukur Óskarsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Stjórnarfundur L.R. 1 Marz '52. í Iðnó.
Mættir voru: Form. ritari, Þorsteinn Ö. Lárus Sigbj.
Á dagskrá. Hlutverkaskipan í "Deep are the Roots"
Brynjólfur Jóhannesson verður ákvedið með. Mun hann hætta við för sína vestur. Rúrik mun hinsvegar ekki fáanlegur í "Howard" parið hann er ráðinn leikstjóri í Vestmannaeyjum.
Emilía Borg verður beðin að taka að sér hlutverk negrakerlingar.
Reynt verður að fá Steinunni Bjarnadóttur í hlutverk negrastelpunnar.
II. Þorsteinn Ö. Stephensen talaði við Indriða Waage um uppfærsluréttindi til handa L.R. á leikritinu "Maður og kona" Indriði kvaðst hálfpartinn hafa lofað þjóðleikhússtjóra þeim rétti. Hinsvegar bauð hann L.R. "Pilt og stúlku" til athugunar.
Fleira lá ekki fyrir fundi.
Haukur Óskarsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Stjórnarfundur L.R. 5 Marz '52.

Mættir voru á fundi: Formaður, ritari og Þorsteinn Ö. Stephensen.

Magnús Pálsson leiktjaldamálari lagði fram vinnureikninga sína fyrir leikritið "Tony vaknar til lífsins". Var mikið um þá rætt, en þeir að lokum samþykktir og undirskrifaðir af formanni. Þá var rætt um tilhögun alla á leiktjöldum í "Deep are the Roots". Verður sú tilhögun lögð fyrir Gunnar Hansen.

Í ráði er að semja ~~fyrir~~ fram við Magnús Pálsson um vissa upphæð fyrir vinnu hans á næsta leikriti félagsins. Sömuleiðis mun verða talað við trésmið félagsins um samskonar tilhögun á vinnu hans í þágu L.R.

Álítur stjórn L.R. að slíkt greiðslufyrirkomulag sé mun hagfelldara.

Fleira lá ekki fyrir fundi.

Haraldur Björnsson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Stjórnarfundur L.R. 10 Marz '52. í Iðnó
Mættir voru: Form. ritari, Þorsteinn Ö
Lárus Sigfj. og Gunnar Hansen.
Fjörugar umræður urðu um Deep are the
Roots. Stungið var upp á því að fresta
því annaðhvort til vors eða næsta
hausts.
Ekki hefur náðst samkomulag, um
ág. kaupgreiðslu, við eina væntanlega
leikkonu í ofangreindu leikriti.
Vill hún með engu móti
fallast á kaupgreiðslu þá er
stjórn L. R. býður henni.
Tillaga kom fram um að æfa
Pegan í stað upp. Frænku Charles
með öllum beztu kröftum félags-
ins. Var það mál mikið rætt og
sýndist mönnum sitt hvað.
Engar ákvarðanir voru teknar
að svo stöddu, en fundi frestað
til morguns.

Haraldur Björnsson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Stjórnarfundur L.R. 11 Marz 52 í Iðnó
Mættir voru: Form. rit. Þorsteinn Ö. - G.H.
Eftir stuttar umræður, ákvað fundurinn
að leggja alla áherzlu á að koma
„Deep are the Roots" upp.
Steingerður Guðmundsdóttir verður
ráðin í stað Guðbjargar Þorbjarnadóttur
sem ekki náðist samkomulag við.
Negrinn verður leikinn af Steindóri
Hjörleifssyni.
Gunnar Hansen hefur boðist til að
yfirfara textann í Frænka Charles-
Þorsteinn hefur lofað að panta
eintak af henni fyrir félagið.
Ýmis önnur mál voru rædd.

Haukur Óskarsson.

Stjórnarfundur í L.R. Marz í Iðnó.
Steingerður Guðmundsdóttir hefur til-
kynnt, Gunnari Hansen leikstjóra
í Deep are the Roots; að hún verði
að hætta æfingum þegar í stað.
Verður hún samkvæmt læknisráði
að hætta alveg leikstarfsemi um óákveðinn
tíma. Gunnar Hansen hefur stungið

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

uppá Ellu Júl í hlutverkið. Að hún yrði að minnsta kosti látin lesa hlutverkið til að byrja með. Féllst stjórnin á þessa tilhögun.
Æfingar munu því ekki truflast að neinu ráði.
Fleira lá ekki fyrir fundi.

Haukur Óskarsson. rit.

Stjórnarfundur laugard. 11 Mai. 52.
Auk stjórnar var mættur Þorsteinn Ö. Stephensen.
Ræddir voru möguleikar á því að auglýsa betur leikritið "Djúpt liggja rætur" ~~Að~~ þar eð aðsókn hefur verið heldur treg. Ritara var falið að tala við ritstjóra Morgunblaðsins Sigurð Bjarnason.
Formaður leggur til að haldinn verði aðalfundur snemma í sumar og síðan ~~að~~ framhaldsaðalfundur að haustinu og verði reikningar félagsins þá lagðir fram.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Stjórnarfundur þriðjud 27 maí 52. Þánó
Stjórnin kom saman til fundar, til
að ákveða daginn sem aðalfundur
félagsins skildi haldinn.
Var hann ákveðinn 13 júní.

Haukur Óskarsson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Stjórnarfundir vetrarins 1952-1953

Stjórn: Brynjólfur Jóhannesson formaður.
Jón Leós, gjaldkeri.
Einar Pálsson, ritari.

Mánudag 23. júní 1952

Mættir voru stjórn og Lárus Sigurbjörnsson.

Ritari skýrði frá því, að mublur á sviði hafi verið í ólagi a.m.k. að undanförnu. Hafi starfsfólk gengið illa frá geymslum. Hafi smíðaverkstæði verið falið að ganga þegar í stað frá dyraumbúnaði að Sjónar-hól við Grensásveg, hinni nýju geymslu félagsins. Samþykkti fundur að ráða sem fyrst mann til að ganga frá búningum og slíku á viðunandi hátt.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Rætt var um andlitsfarðakaup L.R.
Samþykkti fundurinn að veita ekki andlitsfarða án endurgjalds.

Formaður upplýsir, að möguleiki sé á að fá húsnæði kvikmyndafélagsins „Sögu" til tjaldamálunar. Ákveðið að athuga húsnæðið.

Gjaldkeri upplýsir, að Bandalag Íslenzkra leikfélaga hafi hug á að kaupa leiktjöld af L.R. Gjaldkera falið að semja um þetta mál.

Rætt var leikritaval fyrir veturinn og samþykkt að taka óperuna „Miðilinn" eftir Menotti sem fyrsta viðfangsefni. Verði ballet eftir Jórunni Viðar sýndur ásamt óperunni og sjái Sigríður Ármann um koreografi. Stjórnar Einar Pálsson báðum þessum sýningum. Frumsýning áætluð í byrjun október. Upplýsir Einar, að æfingar séu þegar langt komnar, þýðingu lokið og hljómsveitarnótur komnar frá Ameríku. Leggur Einar Pálsson fram 25.000.00 krónur (hlutur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

og fimm þúsund) upp í stofnkostnað sem styrk frá velunnurunum og minningarsjóði Guðjóns Sigurðssonar. Einar upplýsir ennfremur, að forráðamenn symfóníuhljómsveitarinnar séu framgangi máls þessa hlynntir.

Allmikið var rætt um leikritaval eftir áramótin. Sæst var á áætlun um sýningar leikrita og ráðningu leikstjóra á þessa leið: Gunnar Hansen verði ráðinn til að stjórna „Æfintýri á gönguför" og verði [hann] sýning á því seint í október. Einar Pálsson skuli ráðinn til að stjórna gamanleik fyrir jól, Gunnar Hansen setji upp alvarlegt nútímaleikrit seint í janúar og Einar Pálsson stjórni svo fimmta viðfangsefni félagsins í febr.-marz." Önnur mál rædd á víð og dreif.

Fundi slitið

Einar Pálsson (rit.)

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Fundur 1. ágúst 1952
Mættir: Stjórn og leikritavalsnefnd.

Einar Pálsson gaf skýrslu um undirbúning að óperusýningunni. Fullt samþykki hefur fengizt hjá stjórn Symfóníuhljómsveitarinnar um notkun þeirra meðlima hennar, sem L.R. kann að þarfnast fyrir sýningarnar og hljómsveitarstjórinn, Kjelland, hét málinu stuðning. Músíkin hefur þegar verið æfð að mestu, aðeins einsöngsæfingar og hljómsveitaræfingar eftir. Ungur listmálari, Kjartan Guðjónsson hefur boðizt til að gera tjöld að ballettinum án þóknunar frá L.R. og samþykkti fundurinn að þiggja boð Kjartans. Samþykkt var einnig, að Steindór Hjörleifsson skyldi leika „Toby“ í óperunni og að frumsýning yrði 2. október.

L. R. hefur borizt munnlegt tilboð frá Haraldi Björnssyni um að leika sem gestur hjá félaginu í leikriti

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Karen Bramson „Den Stærkeste".
Voru skoðanir skiptar um tilboð þetta. Hins vegar skýrði fyrrv. form. frá því, að Þjóðleikhússtjóri hefði með öllu hafnað samvinnu, er leitað hefði verið til hans um liðs efni áður og m.a. lýst því yfir með sínu svari, að Þjóðleikhúsið mundi aldrei nota starfskrafta hennar, ef hún ynni fyrir L.R.

Næstu viðfangsefni L.R. voru einnig til umræðu og samþykkt að hraða sem mest uppsetn. G. Hansen á „Æfintýri á Gönguför". Ákveðið að fá Einari Pálssyni sem fyrst verkefni til uppsetningar í nóvember.

Mannaráðningar ræddar.

Fundi slitið.

Einar Pálsson (rit.)

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Fundur 14. ágúst 1952

Mættir: Stjórn og leikritavalsnefnd.

Rætt viðfangsefni vetrarins. Þjóðleikhúsið hefur ákveðið að ~~x~~ hafa ballet-sýningar ~~fyrir~~ áður en leikárið hefst. Rætt er um, að symfóníuhljómsveitin verði ekki tiltækileg fyrir L.R. á sínum tíma vegna þessa og sýninga á „Leðurblökunni".

Rætt var um leikritið „The Biggest Thief in Town".

Einnig rætt um þýðingar Indriða Einarssonar og Jónssonar frá Hrafnagili á „Æfintýri á gönguför". Upplýstist það á fundinum, að Leikfélag Templara hefði sótst eftir þýðingu Indriða fyrir tveimur árum, en ekki fengið, þar sem ~~það~~ Þjóðleikhúsið styddi ekki samkeppni við Þjóðleikhúsið. Kvaðst formaður vilja ganga úr skugga um ~~x~~ afstöðu Þjóðleikhúss í þessu máli.

Þar vandkvæði verða á æfingum „Æfintýrisins", að Þorst. Ö. Steph.,

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Brynjólfur Jóhannesson og Alfreð Andrésson verða líklega ekki erlendis í næstu mánuðum. Geta æfingar því ekki byrjað af krafti fyrr en 11. okt. í fyrsta lagi.

Fundi slitið

Einar Pálsson (rit.)

Fundur 25. ágúst 1952

Rætt leiktjaldaskipan í „Æfintýri á Gönguför“ og endanlega ákveðin.

Það upplýstist, að Þjóðleikhúsið hefur ekki í hyggju að nota hljómsveit við danssýningarnar í haust. Verður upphaflegri áætlun um frumsýningu óperu haldið.

Stjórn Iðnó fer fram á hækkun húsaleigu. Ákveðið að reyna að komast að samkomulagi um enga hækkun.

Æfingar á óperu ganga vel.

Fundi slitið

Einar Pálsson (rit.)

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Fundur 1. sept. 1952
Mættir: Stjórn, Lárus Sig. og R. Hansen

Fyrir fundi lá tillaga frá Rasmusi Hansen um að tekið yrði til sýningar leikritið „Hanne at 7“ [?] eftir Stavseft [?] áður en „Æfintýrið“ kæmist upp, þar sem sýnt væri, að æfingar á „Æfintýrinu“ mundu tefjast mjög sakir utanferða. Urðu talsverðar umræður um málið og að síðust ákveðið að taka leikritið. Var Einari Pálssyni falið að þýða það.

Ákveðið var einnig að taka þýðingu Jónasar frá Hrafnagili á „Æfintýrinu“ og Lárus Sigurbjörnsson beðinn að ganga frá henni til fjölritunar.

Fundi slitið

Einar Pálsson (rit.)

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Fimmtudag 5. sept. 1952
Mætt: stjórnin.

Einar Pálsson lagði fram áætlun um kvöldkostnað óperu og balletts. Er hann áætlaður um 6500.00 kr. (sex þúsund og fimm hundruð)
Form. lagði fram nýtt íslenskt leikrit. Vill höfundur ekki láta nafns síns getið. Fengið stjórn til lestrar.
Ákveðið að verða við beiðni frá Gunnari Hansen og veita honum hálf laun fyrirfram fyrir fyrsta leikritið.
Stjórn Iðnó ítrekar kröfur sína um hærri húsaleigu. Einnig rætt um sölu leiktjalda. Form. falið að athuga framgang málsins.
Einar Pálsson fer fram á það að fá að ráða leikmyndastjóra til óperunnar. Samþykkt að veita heimild til þess. Fyrirspurn lá fyrir frá Stefáni [illegible] Jónssyni, hvort [illegible]

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

mannadi: Ákveðið að skrifa eldri um samninginn. Þá var og ákveðið að lokum, að verzlað skyldi við fullgilt húsmunaverslunarstaði um vinnu í leiktjöldum, þar sem það var bæði ódýrara og haganlegra að hafa eitthvað sérstakt smíðað. Fundi slitið.

Einar Pálsson (ritari)

Fundur 10. sept. 1952
Mættir: Stjórn og K. Hansen

Fyrirspurn barst fram um þýðinguna á „Home at 7". Upplýst að fyrsti þáttur væri tilbúinn og gætu æfingar því hafizt þegar í stað. Einnig kom það fram á fundinum, að Guðbjörg Þorbjarnardóttir mun ráðin á B-samning í Þjóðleikhúsinu. Formanni falið að grennslast fyrir um þetta.

Rætt var um íslenzka leikritið „Hr. Sumbill" og „The Importance of

„Being Earnest" eftir Wilde. Verði bæði leikritin til athugunar.
Þá komu fram umsóknir frá Gunnari Hansen og Einari Pálssyni um leyfi til leikskólahalds á vegum L.R.
Samþykkt að athuga málið.
Fundi slitið.

Einar Pálsson (rit.)

Fundur 15. sept. 1952
Mættir: Brynj., G. Hansen, Lár. Sig.

Form. skýrir frá því, að Guðbjörg Þorbjarnard. sé ráðin á B-samning í Þjóðleikhúsinu og bannað að leika með L.R.
Rætt um íslenzka leikritið „Rimblé" og því hafnað í núverandi formi. Lárus Sigurbjörnsson ber fram þá tillögu, að Indriði Waage verði fenginn til að setja þetta íslenzka leikrit á svið, þar sem bæði Gunnar Hansen og Einar Pálsson neita. Tillaga felld.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Gunnar Hansen bar fram þá tillögu, að sýnt verði leikritið „Rebekka" eftir Daphne Du Maurier. Ákveðið að láta það leikrit bíða.

Stjórn L.R. tilkynnir Gunnari Hansen og Einari Pálssyni að hún samþykki skólastofnun þeirra á vegum félagsins, en fjárhagur og rekstur verði á þeirra ábyrgð og aðskilinn frá félaginu.

Ákveðið að athuga möguleika á leik Magnúsar Guðmundssonar frá Hvergerði í „Home at 7".

Stjórn hefur komist að samkomulagi við Iðnó um sömu húsaleigu og verið hefur, en kaffitími verði lengst um fimm mínútur (uppí 25 mín.)

Formanni falið að grennslast fyrir um, hvort þýðing Bjarna Guðmundssonar á „The Importance of Being Earnest" muni föl L.R. og eins hvort hún sé heppileg. Fundi slitið

Einar Pálsson (rit.)

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Annar fundur 15 sept 1952
Mætt: Stjórnin.

Rætt um hækkun aðgöngumiða-verðs. Samþykkt að hækka verð miða um fimm krónur nema á fyrsta og öðrum bekk og fjórum öftustu, svo og stúku. Ákveðið, að miðar á þessum kosti 40 krónur stk.
Ritari er beðinn að safna auglýsingum í leikskrá. Skuli honum goldin hæfileg prósent af andvirði þessara fyrir að safna þeim og sækja þær inn.
Einar Pálsson lýsir því yfir, að verði Gunnari Hansen falið að stjórna tveim leikritum fyrir jól, þá geti L.R. ekki staðið við skuldbindingar gagnvart honum (Einari Pálssyni), nema að setja upp tvö leikrit eftir jól. Stjórn tilkynnir Einari, að hún muni standa fyllilega við skuldbindingar gagnvart honum og muni honum falin stjórn á tveimur verkefnum eftir jól.
Fundi slitið.

[signature] (ritari)

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Fundur 22. sept. 1952

Mætt: Stjórnin.

Rætt um fjölritun á gögnum L.R. og ákveðið að fela Friede Briem hana á hendur.

Einar Pálsson skýrði frá deilu þeirri, er upp hefði komið milli F.Í.L. og L.R. Gerði hann grein fyrir ógnunum þeim er stjórn F.Í.L. hefði beitt Jósef Felzmann, lagði fram bréf Felzmanns þar að lútandi svo og önnur bréf, er farið höfðu milli félaganna. Ákveðið að kæra stjórn F.Í.L. fyrir félagsmálaráðuneytinu.

Gengið endanlega frá aðgöngumiðaverði fyrir veturinn. Fyrri ályktun samþykkt með þeirri viðbót, að ~~x~~ miðar á fremri röð á svölum skuli kosta kr. 35.00

Samþykkt að auglýsa eftir húsnæði til æfinga. Fundi slitið.

Einar Pálsson (rit)

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Fundur 29. sept. 1952

Mætt: stjórn, leikritavalsnefnd og G. Hansen

Ýmis mál rædd á víð og dreif, aðallega leikritaval. Félaginu mikill vandi á höndum með því, að Þorst. Ö. Stephensen og Brynj. Jóh. álíta, að þeir geti ekki æft Ævintýri á Gönguför samhliða „Um sjálegtíð". Þó báðir tiltækilegir til æfinga, þar sem ekki hefur orðið úr Svíþjóðarför þeirra með Þjóðleikhúsinu. Ákveðið, að Þorst. taki hlutverk í „Um sjálegtíð".

Lárus Sigurbjörnsson lagði fram leikskrá fyrir árganginn. Samþykkt með smávægilegum breytingum.

Fundi slitið.

Einar Pálsson (rit.)

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Fundur 6. okt. 1952

Mættir: Brynj., Einar, Þorst., Lárus, Hansen

Lárus Sig. las bréf er hann sendi til erfingja Jónasar frá Hrafnagili varðandi þýðingunni á Æfintýri á Gönguför. Lárusi falið að sjá um lagfæringar á þýðingu Jónasar og að afla leyfis til að nota hana.

Gunnar Hansen leggur fram leikrit sitt „Vesalingarnir" gert eftir skáldsögu Hugo. Fengið stjórn til lestrar. Gunnar upplýsir, að Þuríður Pálsdóttir geti ekki verið með í „Æfintýrinu" vegna utanfarar.

Lárus Sigurbj. hringdi á fundinum til Jónasar Rafnar læknis, sem veitir L.R. fullan ráðstöfunarrétt yfir þýðingu Jónasar frá Hrafnagili. Skuli Lárus sjá um lagfæringar.

Málið rætt um það að hleypa Æfintýrinu framan fyrir „Um sjöleytið" vegna breyttra aðstaðna.

Fundi slitið.

Einar Pálsson (ritari)

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Fundur 13. okt. 1952

Mættir: Stjórn og leikritavalsnefnd.

Ein af fatageymslukonunum (Ágústa Magnúsd.) hefur sagt upp starfi. Jóni Leós falið að ráða aðra í hennar stað.

Bréf hefur borizt frá Jónasi Rafnar, þar sem hann staðfestir orð sín í síma þ. 6. okt. varðandi flutningsrétt á þýðingu föður hans. Lárusi Sigurbjörnssyni veitt full ráðstöfunarheimild yfir verkinu. Hann býður L.R. þýðingu Jónasar með sínum eigin lagfæringum fyrir kr. 1000.00 (eitt þúsund kr.)

Samróma er álitið, að L.R. beri að sýna „Vesalingana". Álitið heppilegast, að sú sýning verði í febrúar, en Einari Pálssyni falið annað verkefni milli Jóla og Nýjárs. Helzt rætt um leikritin „Rebekka" og „Shadow and Substance" eftir Carrol.

Fundi slitið.

Einar Pálsson (rit.)

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Fundur 20. okt. 1952

Mættir: Stjórn, leikr. valsnefnd og Hansen.

Gunnar Hansen leggur áherzlu á það, að félagið ráði fasta saumakonu til starfa í vetur.

Þá var rætt ástandið er skapazt hefur við það, að ekkert dagblaðanna hefur minnzt á óperuna í heila viku. Samþykkt að grípa til róttækra aðgerða.

Einar Pálsson leggur til, að leikritið „Two dozen Red Roses" verði íslenzkað og haft til taks, ef á þarf að halda.

Samþykkt var að taka „Vesalingana" eftir Hugo í leikbúningi Gunnars Hansen, til sýningar. Einari Pálssyni falið að setja upp leikrit milli jóla og Nýárs.

Þórarinn Sigurðsson, ljósmyndari býður L.R. 25% afslátt, fái hann allar myndatökur hjá félaginu í vetur. Tilboði ekki tekið að svo stöddu. Fundi slitið.

Einar Pálsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Fundur 22. okt. 1952

Fundur kallaður saman vegna þess að Lotar Grund neitar að mála tjöld í „Afbrýðið“, ef G. Hansen gerir teikningar. Gunnar Hansen neitar hins vegar að setja upp „Afbrýðið“ nema hann fái að gera teikningar. Samþykkt að reyna að jafna málin.

Lögð fram tvö leikrit: „Good Men Sleep at Home“ eftir Ellis og „Two Dozen Red Roses“ eftir Horne og fengin fundarmönnum til lestrar. Skili allir áliti fyrir næsta fund.

Rætt var skemmtanaskatts-frumvarp ríkisstjórnarinnar og ákveðið að sækja um styrkhækkun til Alþingis. Fundi slitið

Einar Pálsson (ritari)

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Fundur 28. okt. 1952
Mætt: Stjórn og leikr.valsnefnd.

Rætt um jólaleikritið. Ákveðið að taka leikritið „Good Men Sleep at Home". Samþykkt að Einar Pálsson geri þýðingu í helmingafélagi við Ingu Laxness, ellegar nýja þýðingu.
Fundi slitið.

Einar Pálsson (rit.)

Fundur 22. nóv. 1952
Mættir: Stjórn, leikr.v.nefnd. P. Hansen

Samþykkt að hækka kaup Þórðar smiðs frá kr. 30.00 upp í kr. 40.00 á kvöldi.
Kvartað hefur verið undan starfsfólki, samþykkt að fá formanni málið til athugunar.
Talið er, að kerfi það sem fyrri stjórn kom á um miðapantanir sé bætt (Talið frá mest 1/3 af hverj-um kveldi) svo og, að viðskiptamönnum

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

sé eldri sýnd nægileg kurteisi.
Samþykkt að ákveða opna miðasölu og fyrirgreiðslu við viðskiptamenn fram til sýningar, þótt miðar kunni að vera uppseldir nokkru áður en sýning hefst.

Þá var gengið frá stúdentamiðunum, sama kerfi löggilt og verið hafði (1 miði á 15 kr.) gegn framvísun stúd. skírteinis eftir kl. 16 á sýningardag) Einnig samþykkt, að leikskólar fái fría miða gegn framvísun skírteinis (einu sinni á hvert leikrit eftir kl. 16 á sýn. dag)

Ákveðið að fela gjaldkera að láta prenta kvittanamiða fyrir gjafa- og hálfsverðsmiðum.

Samþykkt að selja hvenær félögum sýningar á „Æfintýrið" þannig, að ágóði s.l. af hverri verði kr. 1500.00
Samþykkt að gefa Indriða Waage afmælisgjöf á fimmtugsafmælinu.
Gengið frá leikverkakaupum í

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

„Báðir eiginmenn sofa heima“. Upplýst að leikritið „The Heiress“ er komið í þýðingu. Fundi slitið

Einar Pálsson

Fundur 2. febr. 1953

Mættir: Stjórn og leikr. valsnefnd.

Tilboð hefur borizt frá Þjóðleikhússtjóra um kaup á óperettunni „Nitouche“ af L.R. Nótur eru taldar hjá Haraldi Björnssyni. Samþykkt að selja þann rétt sem L.R. kann að eiga á þýðingu, svo og nótur, ef viðunandi tilboð fæst. Þjóðleikhússtjóri kvaðst reiðubúinn að skila heim leðurstólum, er L.R. á uppi í Þjóðleikhúsi.

Alþingi hefur hækkað styrk til L.R. upp í kr. 50.000.00 á ári og talið öruggt, að Reykjavíkurbær muni gera slíkt hið sama.

Rætt var um nauðsyn þess, að

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

fundir væru haldnir reglulegar en verið hefur og ákveðið að gera sem fyrst áætlun um leikrit næsta árs.

Formaður upplýsti, að áætlaður frumsýningardagur á „Vesalingunum" mundi færast aftur um einn mánuð að minnsta kosti (til mán.móta marz-apríl) vegna tafa á þýðingu. Mikið rætt um áhrif þau, sem þetta kann að hafa og hvort ráðlegt væri að sýna leikritið svo seint.

Gengið frá kaupi leikenda í „Ráðið eiginmanninum sofa heima." Fundi slitið.

Einar Pálsson

Fundargerð frá 13. jan. 1953

Mættir: Brynj., Einar ásamt Þorst. og Hauken

Vegna hinnar miklu aðsóknar að „Æfintýrinu" er frumsýningu á „Ráðið eiginmanninum sofa heima" frestað til fjórða febrúar. Hafði form. talað við leikendur og hafi þeir

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

fallist á þetta.
[illegible] var [illegible] „Vesalingana". Fundi slitið.

Einar Pálsson (ritari)

## Fundur 11. apríl 1953

Mættir: Stjórn ásamt Hansen og Lárus.

Formaður upplýsir, að Alfred Andrésson sé á förum til útlanda þ. 21. apríl og muni því sýningar á „Góðir eiginmenn" falla niður frá og með þeim tíma. Segir form. að sér hafi verið kunnugt um þessa utanför nokkurn tíma og gefið leyfi til hennar. Mál þetta var rætt og bar form. fram þá tillögu, að æft yrði nýtt leikrit fyrir vorið. Einnig ræddir möguleikar á að fá annan mann í stað Alfreds.

Lárus Sigurbjörnsson leggur til, að leikrit Bernard Shaws „Kappar og vopn" verði sýnt í maí. Aðrar tillögur eru „Private Lives" eftir Noel Coward

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

og „Tre Maa Man Være" eftir Jens Locher.
Samþykkt var að fá hin síðarnefndu leikrit til lestrar.
Samþykkt að selja Bandalagi Íslenzkra Leikfélaga eintök L.R. af „Góðir eigin-menn sofa heima" fyrir tólf hundruð krónur. Fundi slitið

Einar Pálsson

Þriðjudag 14. apríl 1953

Þorl. Ö. Steph. leggur til, að sýnt verði leikritið „Salt fyrir Maríu" eftir danskan höfund. Samþykkt að fá það til lestrar.
Einar Pálsson spyr, hvort L.R. muni vilja leysa hann frá störfum, fari svo að hann þekkist boð til út-landa. Var honum tjáð, að það leyfi mundi veitt. Fundi slitið

Einar Pálsson (rit.)

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Fundur 15. apr. 1953

Mætt: Stjórn ásamt leikritavalsnefnd og Hansen

Fundur kallaður saman til að ákveða vor-leikrit. Var ákveðið að hefja þegar æfingar á „Private Lives" eftir Noel Coward í þýðingu Sigurðar Grímssonar. Hlutverkaskipan ákveðin, Gunnar Hansen leikstjóri. Fundi slitið.

Einar Pálsson (rit.)

Fundur 27 apr. 1953

Mættir: Stjórn, Einar, leikr.v. nefnd og Hansen

Komið hefur í ljós, að Þjóðleikhúsið hefur aflað sér réttar á „Private Lives" fyrir ári síðan og umboðsmenn veitt L.R. amatör-rétt á sama leikriti.

Form. skýrði frá því, að hann hefði átt viðtal við Þjóðleikhússtjóra ásamt lögfræðingum beggja aðila og sé það álit lögfræðinga, að réttur L.R. sé óvíræður. Leikritavalsnefnd leggur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

til, ad hætt verdi vid ad sýna leik-
ritid. Endanleg ákvördun ekki tekin.
Fundi slitid.

Einar Pálsson (ritari)

Fundur 30. apríl 1953

Mætt: Stjórn, leikr. valsnefnd og G. Hansen

Mikid var rætt um „Private Lives" eftir Coward. Samþykkt ad sýna [illegible] samvinnuvilja vid Þjódleikhúsid og hætta vid ad sýna leikritid þrátt fyrir ótvíradan rétt, þar sem Þjódleikhúsid sækir svo fast ad fá ad sýna þad.

Þá var rætt um önnur vidfangsefni fyrir haustid, og adaláherzla lögd á „Den Stundesløse" eftir Holberg (tillaga G. Hansen) og „The Heiress" eftir (till. Þ.Ö.St.) Var samþykkt ad taka „The Heiress" til sýningar í haust og hefja æfingar fljótlega verdi því vid komid.

Einnig var samþykkt ad eiga

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

leikritið „Two Dozen Red Roses" til-
búið fyrir haustið og Einari Pálssyni
falið að þýða það sem fyrst.

Fundur 3. maí 1953

Mættir: Stjórn og Lár. Sig.

Form. hefur sent skeyti til Klapar og spurzt fyrir um, hvort Guðm. Jónsson geti leikið í „Ævintýri á Gönguför" þ. 8. maí. Svar væntanlegt á morgun.

Form. upplýsir, að L. R. sé boðið að senda fulltrúa á leiklistarþing í Stockhólmi þ. 31. maí. Hafi boð um þetta farið í gegnum Þjóðleikhúsið og hann ekki verið látinn vita um þetta, og komizt að því fyrir tilviljun.

Ákveðið að veita kr. 5000.00 (fimm þúsund) úr styrktarsjóði félagsins til að L. R. geti komið fram sem sjálf-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

staddur aðili á þingi þessu og samað
þar með hlutverki ~~ött~~ sína sem leikhúss
Brynj. Jóh. form. kjörinn til fararinnar.
Ritari skýrði frá því, að hann hefði átt
einkasamtal við þjóðleikhússtjóra og hvatt
hann til að láta af ágreiningi við L.R. og
sýna samstarfsvilja til vinsamlegra
samskipta milli leikhúsanna. Hefði
hann átt að bjóða L.R. samvinnu
um Private Lines í stað þess að knýja
fram úrslit sem sennilega
væru ekki annað en framhald á
köldu stríði milli L.R. og Þjóðleik-
húss. Skýrði ritari frá því, að Þjóðleik-
hússtjóri hefði óskað eftir samvinnu
á þeim grundvelli, að leikstjóri og
tveir aðalleikendur flyttu leikritið
í Þjóðleikhúsinu á línu, sem ekki
kæmi í bága við starfsemi L.R., með
fullri viðurkenningu á úrslitarétti
L.R. til að ákveða sýningar. Lagði
ritari mál þetta fyrir fundinn til
úrskurðar. Var samþykkt að fallast á

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

tilboð þetta af leikfélagsins hálfu, en
þar sem hvorki leikstjóri né leik-
arar væru fastráðnir hjá L.R., yrði
Þjóðleikhúsið að gera samninga við
hvern þessara aðila um sig.

Fundi slitið.

Einar Pálsson (rit.)

Fundur 4. maí 1953

Mætt: Stjórn, G. Hansen, Lár. Sig.

Lagt fram bréf um formlegt afsal
á sýningarrétti „Private Lives" í hendur
Þjóðleikhússins.
Gunnar Hansen skýrir frá því, að
Þjóðleikhúsið óski eftir frumsýningu á
Private Lives þ. 15. sept. Lýsir því yfir,
að hann muni ekki taka þátt í sýningu
þessi, ef stjórn L.R. álítur, að hún geti
tafið fyrir starfi leikfélagsins. Í sama
streng tekur Einar Pálsson. Ákveðið,
að reyna þessi samskipti við Þjóð-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

leikhúsið. Form. bendir á það, að báðir hann og Þorst. Ö. Steph. mundu verða erlendis í sept. á vegum Þjóðleikhússins, svo að æfingar geti orðið vafsamar.

